

Fundargerð framkvæmdastjórnar Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins

Númer fundar: 983

Dagsetning: 16. maí klukkan 8:30

Staðsetning fundar: Álfabakka 16, Reykjavík.

Fundinn sátu: Óskar Reykdalsson, Guðlaug Unnur Þorsteinsdóttir, Jónas Guðmundsson, Ragnheiður Ósk Erlendsdóttir, Sigríður Dóra Magnúsdóttir, Svava Kristín Þorkelsdóttir og Brjánn Jónasson, sem ritaði fundargerð.

Gestir fundarins: Linda Kristmundsdóttir, forstöðumaður Geðheilsumiðstöðvar barna, og Ásgerður Arna Sófusdóttir, teymisstjóri fjölskylduteymis Geðheilsumiðstöðvar barna, sátu fundinn undir lið 2.

I. Efni til kynningar

1. Fundir á næstunni

Farið var yfir fundi framkvæmdastjórnar í vikunni og ársfund HH þann 25. maí.

II. Efni til umræðu

2. Minnisblað GMB

Umræður um minnisblað til heilbrigðisráðuneytisins um stöðuna hjá fjölskylduteymi Geðheilsumiðstöðvar barna og hvernig hægt sé að styrkja teymið vegna umfangsmikilla verkefna. Linda Kristmundsdóttir, forstöðumaður Geðheilsumiðstöðvar barna, og Ásgerður Arna Sófusdóttir, teymisstjóri fjölskylduteymis Geðheilsumiðstöðvar barna, komu á fundinn og kynntu minnisblaðið.

3. Starfsmannamál

Umræða um mönnun lækna á Heilsugæslunni Grafarvogi.

4. Ýmis geðheilbrigðismál

Rætt um skipulag geðheilbrigðisþjónustu fyrir fullorðna og mönnunarmál hjá teyminum. Umræður um mögulegt samstarf um ráðstefnu um kulnun í haust.

5. Upplýsingamiðstöð

Rætt um hvernig bæta má þjónustu Upplýsingamiðstöðvar HH. Rætt um hvernig væri best að fá lækna til að styðja við teymið.

6. Heimahjúkrun

Rætt um að bregðast við miklu álagi á endurhæfingarteymi með því að bæta við öðru teymi. Ákveðið í framhaldi af fundi í heilbrigðisráðuneytinu að hitta fulltrúa sveitarfélaganna til að ræða aukna samþættingu félagsþjónustu og heimahjúkrunar með sama hætti og gert er í Kópavogi.

7. Húsnæðismál

Farið yfir stöðuna á ýmsum húsnæðismálum. Upplýst um að hægt verði að taka við nýju húsnæði fyrir Heilsugæsluna Hlíðum á næstu vikum. Ekki er kominn leigusamningur fyrir húsnæði í Vegmúla en það ætti að vera stutt í að hann verði tilbúinn. Rætt um hvernig hægt sé að flýta þarfagreiningu fyrir heilsugæslustöðvar sem þurfa nýtt húsnæði.

8. Heilsubrú

Umræður um verkefni Heilsubrúar og hvernig þau eru að mótast.

III. Efni til afgreiðslu

9. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerðir framkvæmdastjórnar HH frá 18. apríl 2023 og 9. maí 2023 ræddar.

Niðurstaða: Fundargerðirnar samþykktar án athugasemda.

10. Svefnmælingar

Rætt um að bæta mönnun við svefnmælingar, ráðgjöf til stöðva og innleiðingu.

Niðurstaða: Samþykkt að starfsmaður verði í 20% starfi við svefnmælingar, ráðgjöf og innleiðingu verkefnisins. Sigríði Dóru falið að ganga frá því.

Fleira ekki gert, fundi slitið klukkan 11:00